

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 81/2010

frá 2. júlí 2010

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 61/2010 frá 11. júní 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 885/2009 frá 25. september 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 378/2005 að því er varðar viðmiðunarsýni, þóknarir og rannsóknarstofur sem tilgreindar eru í II. viðauka ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1269/2009 frá 21. desember 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 243/2007 að því er varðar lágmarksinnihald aukefnis í fœðri fyrir eldissvín ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1270/2009 frá 21. desember 2009 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fœðri ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 8/2010 frá 23. desember 2009 um að leyfa serínpróteasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* (DSM 19670), sem fœðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, umboðsaðili er DSM Nutritional Products Sp.Z.o.o) ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 9/2010 frá 23. desember 2009 um að leyfa endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), sem fœðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, varphænur, endur og eldiskalkúna (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition, Finnfeeds International Limited) ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/6/ESB frá 9. febrúar 2010 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 6, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 49, 16.9.2010, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 254, 26.9.2009, bls. 58.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 339, 22.12.2009, bls. 27.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 339, 22.12.2009, bls. 28.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 3, 7.1.2010, bls. 7.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 3, 7.1.2010, bls. 10.

2002/32/EB að því er varðar kvikasilfur, óbundið gossýpól, nítrít og *Mowrah*, *Bassia*, *Madhuca* ⁽⁷⁾.

8) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzh (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005):

„– **32009 R 0885**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 885/2009 frá 25. september 2009 (Stjtið. ESB L 254, 26.9.2009, bls. 58).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzzn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 243/2007):

„– **32009 R 1269**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1269/2009 frá 21. desember 2009 (Stjtið. ESB L 339, 22.12.2009, bls. 27).“
3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zzzzzu (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2009):

„1zzzzzv. **32009 R 1270**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1270/2009 frá 21. desember 2009 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í föðri (Stjtið. ESB L 339, 22.12.2009, bls. 28).

1zzzzzw. **32010 R 0008**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 8/2010 frá 23. desember 2009 um að leyfa serínpróteasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* (DSM 19670), sem föðurukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, umboðsaðili er DSM Nutritional Products Sp.Z.o.o) (Stjtið. ESB L 3, 7.1.2010, bls. 7).

1zzzzzx. **32010 R 0009**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 9/2010 frá 23. desember 2009 um að leyfa endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), sem föðurukefni fyrir eldiskjúklinga, varphænur, endur og eldiskalkúna (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition, Finnfeeds International Limited) (Stjtið. ESB L 3, 7.1.2010, bls. 10).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 33. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB):

„– **32010 L 0006**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/6/ESB frá 9. febrúar 2010 (Stjtið. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 29)“

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 29.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 885/2009 og reglugerða (ESB) nr. 1269/2009, 1270/2009, 8/2010 og 9/2010 og tilskipunar 2010/6/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. júlí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.